

Ársskýrsla landskjörstjórnar 2023



Landskjörstjórn

Ávarp framkvæmdastjóra



Ársskýrsla landskjörstjórnar fyrir árið 2023 lítur nú dagsins ljós. Árið var sérstakt að því leyti að engar kosningar fóru fram á árinu. Það er þó ekki þar með sagt að landskjörstjórn hafi setið auðum höndum og verður starfseminni gerð skil hér á eftir. Árið var gefandi og ötullega var unnið að fjölbreyttum verkefnum sem marka grunninn að því hlutverki landskjörstjórnar að tryggja örugga framkvæmd kosninga hér á landi. Samhliða vinnu við gerð reglugerða átti sér stað mikil innri vinna og starfsemi skrifstofu landskjörstjórnar óx og dafnaði. Í upphafi ársins bættust tveir starfsmenn í hópinn og skrifstofuhúsnæðið tók á sig hlýlegan blæ þar sem verkefnum er sinnt í opnu starfsumhverfi en jafnframt tryggt að starfsfólk hafi rúm til þess að draga sig í hlé til funda og verkefna sem krefjast næðis. Við lok annars starfsárs landskjörstjórnar 2023 er mér sem framkvæmdastjóra landskjörstjórnar efst í huga þakklæti og stolt yfir því hversu vel starfsemin hefur gengið á árinu. Skrifstofan er einkar vel mönnuð og unnið hefur verið af vandvirkni og metnaði að verkefnum. Með samtakamætti, þolinmæði og elju hefur landskjörstjórn vaxið fiskur um hrygg og hefur markað sér stöðu í samræmi við það hlutverk hennar að hafa yfirumsjón með framkvæmd kosninga á Íslandi.

Astrídur Þannisdóttir



Efri röð frá vinstri: Ebba Schram, Hulda Katrín Stefánsdóttir og Ólafía Ingólfssdóttir.
Neðri röð frá vinstri: Magnús Karel Hannesson og Kristín Edwald, formaður.

Landskjörstjórn

Á árinu 2023 var landskjörstjórn skipuð þeim Kristínu Edwald formanni, Huldu Katrínu Stefánsdóttur og Arnari Kristinssyni sem kosin eru af Alþingi en Ólafía Ingólfssdóttir varamaður Arnars sat fundi landskjörstjórnar í fjarveru hans á árinu 2023. Auk þeirra sitja þau Ebba Schram og Magnús Karel Hannesson sem tilnefnd eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í landskjörstjórn.

Landskjörstjórn átti 15 fundi á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef landskjörstjórnar [Fundargerðir landskjörstjórnar | Landskjörstjórn \(island.is\)](#).

Á fundum landskjörstjórnar var m.a. fjallað um lagafrumvörp er varða kosningar og afgreiddar tillögur að reglugerðum og reglum sem settar verða á grundvelli kosningalaga. Landskjörstjórn setti sér og skrifstofu landskjörstjórnar starfsreglur sem nálgast má á [vef landskjörstjórnar](#), auk þess sem unnið var að ýmsum lögbundnum stefnum fyrir skrifstofuna.

Starfsemin á árinu 2023

Í upphafi ársins hófu störf hjá landskjörstjórn þau Brynhildur Bolladóttir og Guðbergur Ragnar Ægisson en fyrir voru starfandi Hjördís Stefánsdóttir og Indriði Björn Ármannsson auk Ástríðar Jóhannesdóttur framkvæmdastjóra. Starfsemin var helguð innra starfi, stefnumótun og undirbúningi fyrir kosningar. Þar sem lagaumhverfið er þannig að boðað getur verið til alþingiskosninga með skömmum fyrirvara er afar mikilvægt að tryggja að öll aðföng, regluverk og leiðbeiningar séu til taks. Eitt markmiðanna með setningu nýju kosningalaganna var að einfalda stjórnsýslu kosningamála, m.a. með því að setja reglugerðir þar sem nánar yrði mælt fyrir um framkvæmd ýmissa ákvæða og verkefna. Þær heimildir koma í stað ítarlegri og tæknilegri útfærslna í lögum. Fylgt var því meginsjónarmiði að ákvæði er lúta að réttindum borgara væru í löggjöf en ákvæði er lytu að framkvæmd stofnana eða kjörstjórna yrði að finna í reglugerðum eða leiðbeiningum.

Á fyrri hluta ársins var unnið að lagafrumvarpi til breytinga á kosningalögunum en við undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna 2022 komu í ljós nokkrir annmarkar á lögunum sem mikilvægt var að bæta úr og var breytingafrumvarpið samþykkt á Alþingi sumarið 2023. Síðari hluti ársins var hins vegar helgaður vinnu við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli kosningalaganna.

Skrifstofa landskjörstjórnar

Innleiðing á skjalakerfi

Landskjörstjórn tók í notkun rafræna skjalakerfið GoPro Foris frá fyrirtækinu Hugviti. Í upphafi árs var unnin þarfagreining og leitað tilboða hjá aðilum á markaði. Í kjölfarið varð kerfið GoPro Foris fyrir valinu. Í apríl og fram í júní var unnið að innleiðingu kerfisins og starfsfólk þjálfað í notkun þess.

Áhættumat og áfallapol

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra óskaði eftir því að stofnanir gerðu áhættumat fyrir starfsemi sína í þeim tilgangi að geta kortlagt mögulega áhættu og þannig eftt viðbúnað og neyðarstjórnun. Landskjörstjórn skipti áhættumatinu í tvennt, annars vegar áhættu sem gæti steðjað að starfsemi skrifstofunnar og hins vegar áhættu sem varðar framkvæmd kosninga, t.d. á kjördag. Landskjörstjórn lauk gerð áhættumats á árinu og eru helstu niðurstöður þess að megináhættur fyrir starfsemina komi til vegna veðurs við framkvæmd kosninga en einnig aðrar ógnir eins og netárásir. [Hér má sjá helstu niðurstöður.](#)



Landskjörstjórn

Merki landskjörstjórnar var skráð sem vörumerki hjá Hugverkastofu, bæði sem orð- og myndmerki og sem myndmerki.

Endurskoðun á aðföngum fyrir kosningar

Landskjörstjórn leggur til kjörgögn og önnur aðföng sem notuð eru við kosningar. Utankjörfundargögn (kjörseðill, fylgibréf með atkvæðaseðli, kjörseðilsumslag og sendiumslag) voru endurhönnuð með einföldun og skýrleika að leiðarljósi og var þá bæði litið til ásýndar, efnis og texta. Þá var hafin endurskoðun ýmissa eyðublaða, skýrslna og veggspjalda sem notuð eru við kosningar í þeim tilgangi að samræma útlit og auka aðgengileika þeirra. Innsigli voru endurnýjuð og birgðir tryggðar af pappír fyrir kjörseðla og atkvæðaumslög.

Útboð vegna prentunar og pökkunar á kjörgögnum

Í samvinnu við Ríkiskaup vann landskjörstjórn að útboði í prentun og pökkun á kjörgögnum. Útboðið fór fram innan rammisamnings ríkisins um prentun. Niðurstöður útboðsins voru tilkynntar þann 16. október 2023 og var það prentsmiðjan Svansprent sem varð fyrir valinu. Samningur landskjörstjórnar við Svansprent er til þriggja ára með heimild til framlengingar um eitt ár.

Stafræn þróun og aðgengileg upplýsingagjöf

Landskjörstjórn leggur áherslu á að upplýsingagöf til samstarfsaðila og almennings sé aðgengileg. Einn liður í því er stafræn þróun, m.a. með því að tengjast Ísland.is og fylgja efnisstefnu þar. Landskjörstjórn er með sína vefsíðu undir hatti Ísland.is og efni af kosning.is var endurskoðað og flutt frá vef stjórnarráðsins.

Í lok maí undirrituðu framkvæmdastjóri landskjörstjórnar og forstjóri Þjóðskrár Íslands samstarfsyfirlýsingu um undirbúning og framkvæmd verkefnisins um rafræna kjörskrá og fóru fram nokkrir undirbúningsfundir um verkefnið.

Í samstarfi við Stafrænt Ísland og Þjóðskrá var unnið að gerð rafræns meðmælendakerfis þar sem þeir sem hyggjast bjóða sig fram til forseta geta safnað meðmælum með framboði sínu með rafrænum hætti. Það einfaldar yfirsýn þeirra sem safna meðmælum og flýttir fyrir yfirferð landskjörstjórnar sem tekur á móti framboðum. Jafnframt eykur slíkt kerfi öryggi þar sem sá sem vill mæla með framboði þarf að skrá sig með rafrænum skilríkjum áður en meðmæli eru veitt. Í kerfinu er einnig möguleiki fyrir landskjörstjórn að hlaða inn Excel skjölum ef frambjóðendur skila meðmælum á pappír og sannreyna þannig hvort meðmælendur hafi skrifað undir hjá öðrum frambjóðendum. Stafræna stofan Júní vann verkefnið með Þjóðskrá í samvinnu við landskjörstjórn. Þetta er aðeins fyrsti fasi verkefnisins en á næstu misserum verður unnið að því að hægt verði að safna meðmælum með framboðum til Alþingis og sveitarstjórna.

Kannaðir voru möguleikar á því að innleiða fleiri stafræna ferla, m.a. í gegnum Ísland.is og er það verkefni sem stöðugt er unnið að enda er eitt hlutverka landskjörstjórnar að stuðla að framþróun kosningaframkvæmdar.

Undirbúningur forsetakosninga

Undirbúningur vegna forsetakosninga sem fara fram þann 1. júní 2024 hófst formlega þann 1. júní 2023, þegar nákvæmlega eitt ár var til kosninga. Þá var boðað til rásfundar með helstu framkvæmdaraðilum kosninga, yfirkjörstjórnnum kjördæma, yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga, sýslumönnum og Þjóðskrá Íslands. Fundurinn var haldinn í Reykjavík en einnig var hægt að fylgjast með á Teams auk þess sem upptöku af fundinum var dreift til hlutaðeigandi. Á fundinum var fjallað um kosningalögin og helstu breytingar sem þau hafa í för með sér og hlutverk og áskoranir landskjörstjórnar, yfirkjörstjórna og annarra þeirra sem koma að framkvæmd kosninga. Var fundurinn afar vel sóttur og áætla landskjörstjórn að allt að 200 manns hafi setið eða horft á fundinn í streymi eða upptöku hans. Að fundi loknum bauð landskjörstjórn fundargestum til móttöku í húsnæði sínu að Tjarnargötu 4.



Frá rásfundi fyrir forsetakosningar 1. júní 2023.



Ráðstefnan kosningar í skugga krísu fór fram í þinghúsi Sviss.

Alþjóðlegt samstarf

Eitt af hlutverkum landskjörstjórnar er að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og sótti starfsfólk landskjörstjórnar nokkra viðburði erlendis.

Dagana 8.-9. maí 2023, sótti framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ráðstefnu í Bern í Sviss á vegum Evrópu-ráðspingsins og svissneska þingsins í tilefni af 60 ára afmæli þess. Umfjöllunarefnið á ráðstefnunni voru kosningar í skugga krísu. Var fjallað um mikilvægi þess að ekki sé vikið frá grundvallarsjónarmiðum um framkvæmd kosninga þrátt fyrir stríð, farsóttir eða náttúruhamfarir.

Þann 11. september fóru fram sveitarstjórnar- og fylkis-kosningar í Noregi og buðu norsk stjórnvöld fulltrúum víðsvegar að, að kynna sér undirbúning og framkvæmd

kosninganna. Boðið var upp á áhugaverða og yfirgripsmikla dagskrá og starfsmenn landskjörstjórnar sem tóku þátt í dagskránni komu heim ríkari af reynslu og þekkingu. Boðið var upp á fyrirlestra þar sem m.a. voru kynntar aðgerðir norskra stjórnvalda til að sporna við erlendum áhrifum á kosningar og upplýsingaóreiðu í Noregi auk þess sem kynnt voru ný kosningalög sem taka gildi árið 2025.

Farið var í heimsókn til norsku kosningaskrifstofunnar í Tønsberg þar sem kynnt var hvernig staðið er að fræðslumálum varðandi kosningar og stafrænni framþróun, en Noregur er mjög framarlega þegar kemur að þróun á stafrænum umsýslukerfum fyrir kosningar. Þá var fylgst með flokkun utankjörfundaratkvæða og nokkrir kjörstaðir í Osló og nágrenni heimsóttir. Einnig var fylgst með flokkun og talningu atkvæða á kjörstað.

Þá var kosið til þings í Álandseyjum þann 15. október og buðu stjórnvöld þar upp á áhugaverða dagskrá tengda kosningunum dagana 9.-10. október sem fulltrúi frá landskjörstjórn var viðstaddur. Þingið í Mariehamn var heimsótt og kosningastofnunin hélt erindi um lagalegt umhverfi, undirbúning kosninga, upplýsingamál og pólitískt landslag á Álandseyjum auk nánari upplýsinga um ferli kosninga og þjálfun starfsfólks.

Í lok nóvember sóttu tveir fulltrúar landskjörstjórnar fund Evrópuþingsins um fræðslu- og þjálfun starfsfólks við kosningar og hvernig hægt er að bæta ferla við kosningar. Bar hann yfirskriftina Role of Electoral Training Centers.



Flokkun utankjörfundaratkvæða í Noregi



Hjördís Stefánsdóttir og Brynhildur Bolladóttir sóttu fund Evrópuþingsins um fræðslu og þjálfun starfsfólks við kosningar.

Fundurinn var haldinn í Strassborg í Frakklandi og var boðað til hans í kjölfar Reykjavíkuryfirlýsingarinnar sem samþykkt var á leiðtogafundi Evrópuráðsins sem haldinn var í Reykjavík í maí. Á fundinum kom fram mikilvægi þess að endurvefja traust á framkvæmd kosninga og að þær séu framkvæmdar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Mikilvægt sé að framkvæmdaaðilar kosninga líkt og landskjörstjórn viðhaldi meginreglum um sjálfstæði, heiðarleika, gagnsæi og skilvirkni og þeir gegni lykilhlutverki í að veita faglega þjálfun til allra framkvæmdaraðila sem koma að kosningum.

Rætt var um mikilvægi þjálfunar og hvernig best er að framkvæma hana, m.a. með dæmum frá öðrum ríkjum.

Þá átti landskjörstjórn nokkra fundi á árinu með fulltrúum frá kosningastjórnvöldum í Svíþjóð, Álandseyjum og Danmörku.



Úr kjörklefa á Ålandseyjum.



Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri á kjörstað í Noregi.

Kosningaeftirlit

Landskjörstjórn tók þátt í samstarfi við utanríkisráðuneytið í kosningaeftirliti á vegum ODIHR (Office for Democratic Institutions and Human Rights), sem er undirstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

Einn fulltrúi landskjörstjórnar tók þátt hverju sinni og var við kosningaeftirlit við forsetakosningar í Svartfjallalandi og Úsbekistan og sveitarstjórnarkosningar í Moldóvu. Kosningaeftirlit gefur afar góða innsýn í framkvæmd og fyrirkomulag kosninga hjá öðrum ríkjum og var um að ræða lærdómsríkar ferðir sem gáfu jafnframt innsýn í samfélag annarra þjóða.



Kjörstaður í Úsbekistan.



Litill kjörstaður í Svartfjallalandi.

Fundir og kynningar

Samstarf og upplýsingamiðlun er lykilatriði fyrir starfsemi landskjörstjórnar. Starfsfólk skrifstofu landskjörstjórnar átti fjölda funda um ýmsa þætti sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga. Auk rásfundar forsetakosninga sem haldinn var með framkvæmdaðilum kosninga þann 1. júní, átti landskjörstjórn t.d. fund með fulltrúum frá stjórnmalaflokkum sem buðu síðast fram til Alþingis um hlutverk og skyldur umboðsmanna. Tilefni fundarins var að ræða um efni og gerð væntanlegrar reglugerðar um umboðsmenn og var hann vel sóttur og margar gagnlegar ábendingar komu fram.

Landskjörstjórn hélt einnig móttöku fyrir helstu samstarfsaðila sína þegar framkvæmdum á húsnæði skrifstofunnar lauk og bauð félagi stjórnmalafraðinema við Háskóla Íslands í fræðsluheimsókn.

Þá komu á fund landskjörstjórnar Þorkell Helgason og Kristján Jónasson og kynntu kosningahermi sem þeir hafa þróað sem er hugbúnaður sem gerir notendum kleift að prófa hugmyndir um kjördæmaskipan og kosningakerfi.

Stefna og starfsáætlun

Eins og fyrr sagði var árið 2023 helgað innri vinnu og stefnumótun enda er mikilvægt í starfsemi landskjörstjórnar að þekkja vel hlutverk sitt og hvernig það verði rækt á árangursríkan hátt. Fjölmargar áskoranir felast í því að vera nýr ríkisaðili með fjölda verkefna sem þarf að forgangsraða og byggja upp starfsemi og fyrirkomulag verkefna frá grunni. Landskjörstjórn vinnur á grundvelli starfsáætlunar sem er endurskoðuð u.þ.b. tvisvar á ári. Á árinu hófst stefnumótunar- og gildavinna, auk þess sem unnið var að gerð samskiptastefnu, persónuverndarstefna landskjörstjórnar var endurskoðuð og skjalastefna var sett. Þá setti skrifstofan sér umhverfis- og loftslagsstefnu og innkaupastefnu.

Landskjörstjórn lauk innleiðingu á þremur af fimm Grænum skrefum á árinu sem er verkefni fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

Ársskýrslan er unnin og gefin út í samræmi við 4. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Útgefandi: Landskjörstjórn

ISBN 978-9935-9666-3-6